

Priðjudaginn 3. desember 2024 kl. 15:00  
Myndlistarmiðstöð, Austurstræti 5

## Samráðsfundur Myndlistarráðs og stjórnar Myndlistarmiðstöðvar

Mættir eru: Ásdís Spanó, formaður Myndlistarráðs, Hlynur Helgason (MR f.h. SÍM), Katrín Elvarsdóttir (MR f.h. SÍM), Anna Jóa (MR f.h. Listasafns Íslands), Margrét Elísabet Ólafsdóttir (MR f.h. Listfræðafélagsins), Elísabet Gunnarsdóttir, formaður stjórnar MM (MM f.h. Listasafnanna), Ingibjörg Sigurjónsdóttir (MM f.h. menningarmálaráðherra), Örn Alexander Ámundason (MM f.h. Listamannarekinna myndlistarrýma) og Aðalheiður L. Guðmundsdóttir (MM f.h. Listfræðafélagsins).

Forföll: Pétur Thomsen (MM f.h. SÍM)

Fundinn sitja einnig:

Hildur Jörundsdóttir, sérfræðingur Menningarmálaráðuneyti

Arna Kristín Einarsdóttir, skrifstofustjóri Menningarmálaráðuneyti

Auður Jörundsdóttir, forstöðumaður Myndlistarmiðstöðvar

Tinna Guðmundsdóttir, Ráðgjafi sjóða Myndlistarmiðstöð, sem ritar samantekt

### Samantekt:

Myndlistarstefna, aðgerðaráætlun og mælanleiki:

- Auður fer yfir [Myndlistarstefna til ársins 2030](#), sem var samþykkt á Alþingi Íslands vorið 2023. Stefnan fór í gegnum Alþingi sem [þingsályktun nr. 14/2023](#) og í kjölfarið var stefnan gefin út af Menningarráðuneytinu. Auður rennir yfir stöðuna á aðgerðum sem Myndlistarmiðstöð er aðili að sem eru alls 12 aðgerðir af 18. Tveimur yfirgrípsmiklum aðgerðum er formlega lokið, þ.e. aðgerð 1 - sterk staða myndlistar og aðgerð 6 - stofnun Myndlistarmiðstöðvar. Hægt er að lesa nánar um þær aðgerðir í [ársskýrslu 2023](#). Auk þess er aðgerð 5 - greining á stöðu Listasafns Íslands lokið en niðurstaða þeirrar vinnu verður kynnt 9. desember. Aðgerð 4 - aukið samstarf um listranssóknir er ekki komin langt á veg og þarf að setja meiri kraft í þá vinnu á nýju ári. Hvað varðar aðgerð 7 - myndlistarráð gert sýnilegt og staða þess styrkt, vann ráðið meðal annars [úthlutunarstefnu fyrir 2022-2025](#). Aðgerð 8 - Myndlistarsjóður verði efldur átti að hefjast árið 2024. Samkvæmt þingsályktuninni var gert ráð fyrir 35 millj. kr. hækkun í fjármálaáætlun 2024 og 5% árlegri aukningu framvegis. Sjóðurinn var 94,2 milljónir árið 2024 sem var hækkun upp á ríflega 20 milljónir króna og þar af var 7 milljónum króna ráðstafað í aðgerð 8. Fyrir árið 2025 verður sjóðurinn 87,6 milljónir króna. Tinna fór yfir hvernig málin hafa þróast í aðgerð 9 - list í opinberu rými - breytt skipulag og framkvæmd.

Verkefnið fór af stað síðsumars og er á góðum dampi. Auður greinir frá því að verið sé að skoða aðgerð 10 – hagvísar, aðgerð 11 – skattaumhverfi myndlistar og aðgerð 12 – endurskoðuð skilgreining á tollalögum samtímis með ráðuneytinu og sé í góðum farvegi. Eins er verið að vinna í aðgerð 13 – endurgreiðslukerfi vegna þátttöku í kaupstefnum og skoða sérstaklega hvaða fyrirkomulagið væri hentugast. Aðgerð 15 – markviss kynning og þátttaka hefur verið í gangi frá byrjun og samstarf við Íslandsstofu hefur gengið mjög vel. Aðgerð 16 – samstarf og þátttaka í erlendu samstarfi á sviði myndlistar hefur einnig verið í gangi frá byrjun, Myndlistarmiðstöð er bæði þátttakandi í samstarfsverkefni, *Borderline Poetics* og *Rewilding Tungs*, og hefur þróað verkefni og tvisvar sótt um fjármagn fyrir verkefni í Creative Europe, sem hefur ekki hlotið styrk enn sem komið er.

- Umræður um tímaramma stefnunnar og mælanleika á aðgerðum. Hildur bendir á að í þingsályktuninni eru mælikvarðar til að miða við. Arna segir að ráðuneytið sé með mælaborð og skoða megi notkunarmöguleika á því fyrir myndlistarstefnuna. Einnig var rætt um fjölmiðlaumfjöllun um myndlist í víðu samhengi, sérstaklega skort á umfjöllun og áhugaleysi.

#### Stefna myndlistarsjóðs:

- Ásdís kynnir úthlutunarstefnu myndlistarsjóðs sem var samþykkt á fundi myndlistarráðs 22. ágúst 2023. Þau áherslusvið sem hafa forgang við ráðstöfun fjár á tímabilinu eru:
  - verkefni sem styðja við framkvæmd myndlistarstefnu og þær aðgerðir sem falla undir starfssvið myndlistarráðs
  - verkefni sem efla alþjóðlegt samstarf og kynningu á íslenskri myndlist erlendis
  - fjölbreytt verkefni á sviði myndlistar, m.a. með tilliti til sjálfbærni og menningarlegrar fjölbreytni
  - verkefni sem unnin eru í tengslum við myndlistarhátíðir og vinnustofur hérlendis og erlendis
  - verkefni sem byggja á samstarfi um rannsóknir og útgáfu rita og bóka um myndlist
- Ingibjörg kemur til skila skilaboðum frá Samtökum listamannarekinna rýma um að þau vilji hefja samtalið við myndlistarráð um rekstrarumhverfi sýningarstaða. Ekki megi sækja um fé til reksturs í myndlistarsjóð en samt sé heimilt til að sækja um fyrir ákveðnum verkþáttum við uppsetningu. Rætt um að halda fund til að fjalla nánar um málið.
- Örn spyr myndlistarráð hvort sé æskilegra fyrir sýningarstaði að sækja um styrk fyrir sýningarhaldi eða hvort listamennirnir sjálfir ættu að gera það. Eins og staðan er í dag eru báðar leiðir í boði en ráðið gaf út leiðbeinandi tilmæli í ársbyrjun 2023: *Í þeim tilvikum sem sótt er um styrk*

*vegna sýningarraða eða samsýninga hvetur myndlistarráð skipuleggjendur til þess að senda inn eina umsókn fyrir verkefnið í heild í stað umsókna frá einstökum sýnendum. Ef þátttakendur velja að senda inn umsóknir fyrir sínu framlagi, þá er mælt til þess að ekki sé send inn umsókn vegna verkefnisins í heild.*

- Elísabet bendir á að gera þarf betur grein fyrir dreifingu styrkja úr myndlistarsjóði. Myndlistarráð vill á næstu mánuðum gera greiningu á sjóðnum og gefa út. Síðast var gefin út [ársskýrsla árið 2015](#).

#### Sameiginleg verkefni MM og Myndlistarráðs

- Auður hvetur fundargesti til rýna í sameiginleg framtíðarverkefni. Hún segir að listgreinamiðstöðvar séu að fara að halda sameiginlegan fund og leggja drög að forgangsatríðum til að leggja fram fyrir nýjan ráðherra.
- Aðalheiður telur að fagið sem heild þurfi að stíga fram fastar og sýna styrkleika stéttarinnar í heild. Hún leggur til að unnin verði herferð með tíu áhersluatriðum og ábyrgðinni dreift á mismunandi hagsmunaaðila.
- Hlynur leggur til að unnin verði greinargerð á þeim verkefnum sem hafa verið styrkt út frá skilaskýrslum fyrrum styrkþega. Hægt sé að breyta eyðublaðinu og biðja styrkþega um ítarlegri gögn um framkvæmd verkefni.
- Ásdís segir ráðið vilji fara í bæði greiningarvinnu á sjóðnum til að rýna í dreifingu á styrkjum út frá tegund verkefna og umsækjenda og land- og lýðfræðilegum þáttum. Einnig er aðkallandi að fara í alhliða greiningarvinnu á umfangi myndlistarvettvangsins. Þannig sé hægt að finna tölfræðilegar grunnforsendur og búa til viðmið til fyrir mælieiningar.
- Hildur bendir á að samstaða innan stéttarinnar í heild sé mikilvæg. Hún leggur til að stéttin sendi minnisblað til nýs ráðherra með forgangsröðuðum verkefnum.
- Margrét bætir við að setja ætti Myndlistarsjóð efstan lista forgangsmála og brýna mikilvægi þess fyrir nýjum ráðherra að hann héldi velli.
- Anna Jóa bendir á að söfnin séu hluti af vettvangnum og bæta þurfi allverulega rekstrarumhverfi þeirra.
- Tíminn er knappur og mikilvægt að koma þessum hugmyndum í farveg sem fyrst. Myndlistarsjóður og ferðastyrkir eru grunnforsenda fyrir listrænni starfsemi í landinu og mikilvægt tól til að gera fagið samkeppnishæft.

#### Önnur mál

- Ingibjörg segir mikið traust hafa áunnist á síðustu árum gagnvart Myndlistarmiðstöð og almennt séu myndlistarmenn ánægðir með verkefni hennar.

- Aðalheiður bendir á alla uppbygginguna sem hefur átt sér stað síðustu misseri, sér í lagi hjá fögum eins og listfræðingum og sýningarstjórum sem sé faggrein í hraði uppbyggingu.
- Auður minnst á hugtakanotkun í umræðunni um þessi misseri, annars vegar skapandi greinar og hins vegar listir og menningu.

Fundi slitið 18:05.